

41. fundur

12. febrúar 2014

1201046SA SBC
Málalykill: 502

Fundargerð samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Þroskaþjálfafélags Íslands

Fundur var haldinn í samstarfsnefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga og Þroskaþjálfafélags Íslands þann 12. febrúar, kl. 16:15 í Borgartúni 30.

Fulltrúar Þroskaþjálfafélags Íslands á fundinum voru: Laufey Gissurardóttir og Anna Lilja Magnúsdóttir. Fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga á fundinum voru Halla Margrét Tryggvadóttir, Inga Rún Ólafsdóttir og Sólveig B. Gunnarsdóttir, sem ritaði fundargerð.

1. Erindi frá ÞÍ vegna framvæmdar Fljótsdalshéraðs á gr. 1.5.3 í kjarasamningi gagnvart þeim forstöðumönnum sem fluttust frá ríki til sveitarfélaga við flutning málefna fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga.

Erindi frá ÞÍ vegna framkvæmdar Fljótsdalshéraðs á gr. 1.5.3, þar sem félagið bendir á að ekki hafi verið farið eftir bókun samstarfsnefndar aðila frá 6. desember 2012 en þar segir:

Við flutning málefna fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga giltu ákvæði laga nr. 72/ 2002 um réttarstöðu stafsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum. Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. lagana skal framsalshafi virða launakjör og starfsskilyrði samkvæmt kjarasamningi þar til kjarasamningi er sagt upp, rennur út eða annar kjarasamningur öðlast gildi. Samband sveitarfélaga gerði nýjan kjarasamning við Þroskaþjálfafélag Íslands þann 8. júlí 2011 og gildi samningurinn frá 1. maí 2011. Í samræmi við ákvæði lagana og grein 1.5.3 í kjarasamningi var sveitarfélögum að ákveða forstöðumönnum sérstaka þóknun til viðbótar mánaðarlaunum og gildir slíkur samningur frá gildistíma kjarasamningsins, þ.e. frá 1. maí 2011.

2. Starfaskilgreining þroskaþjálfara 1

Misbrestur hefur verið á framkvæmd röðunar samkvæmt starfaskilgreiningu þroskaþjálfara 1 frá gildistöku kjarasamnings aðila árið 2011. Í starfaskilgreiningu segir að þroskaþjálfari 1 starfi undir leiðsögn annars þroskaþjálfara. Með leiðsögn samkvæmt starfaskilgreiningunni er átt við að leiðbeinandi sé til staðar á viðkomandi starfsstöð á sama tíma. Hafi þessi skilyrði ekki verið uppfyllt, hefur skilgreiningin ekki átt við og ber að leiðrétta ranga röðun.

ALM

3. Breyting á starfaskilgreiningu þroskaþjálfra 1

Samstarfsnefndin er sammála um að breyta starfaskilgreiningu þroskaþjálfra 1 í sérákvæði með gildandi kjarasamningi aðila sem hér segir:

Þroskaþjálfri 1

Starfar undir ábyrgð og leiðsögn reynds þroskaþjálfra. Þroskaþjálfri 1 raðast þó að lágmarki sem þroskaþjálfri 2 eftir 6 mánaða starf, sem þroskaþjálfri.

4. Breyting á starfaskilgreiningu þroskaþjálfra 2

Samstarfsnefndin er sammála um að breyta starfaskilgreiningu þroskaþjálfra 2 í sérákvæði með gildandi kjarasamningi aðila sem hér segir:

Þroskaþjálfri 2

Starfið felur í sér m.a. eitt af eftirtöldu; skipulagningu, samhæfingu og umsjón með sérgreindum verkefnum. Veitir leiðsögn og ráðgjöf til samstarfsaðila. Starfar undir leiðsögn annarra. Þroskaþjálfri 2 raðast þó að lágmarki sem þroskaþjálfri 3 eftir 4 ára starf, sem þroskaþjálfri.

Fundi slitið kl. 17:00

Þúga Rún Ólafsdóttir
Hallgrímur Magnússon
Sóley B. Einarsson

Anna hlyn Magnúsdóttir
Lauferg E. Sinsursson